

## Molar úr sögu Orkustofnunar

*Erindi flutt á afmælishátíð Orkustofnunar 27. september 2007.*

Líklega liggja elstu rætur Orkustofnunar til landsverkfræðingsembættisins sem stofnað var 1893. Fyrirmyndin hlýtur að koma að utan eins og flest annað í stofnanamálum hér á landi. Landsverkfræðingur hafði mikið að gera í uppbyggingu síðustu ára Landshöfðingjatímabilsins og ekki síður þegar heimastjórnin tók við 1. febrúar 1904. Fyrsti landsverkfræðingurinn var Sigurður Thoroddsen. Hann gegndi embættinu frá 1893 til 1905. Sigurður var einnig fyrstur Íslendinga til þess að ljúka verkfræðinámi, það gerði hann í Kaupmannahöfn.

Jón Þorláksson var landsverkfræðingur frá 1905 til 1917 en hann er betur kunnur fyrir afskipti af stjórnámálum og fyrir að vera fyrst forsætisráðherra og loks borgarstjóri í Reykjavík á tímum heimskreppunnar.

Thorvald Krabbe verkfræðingur og lengi vita- og hafnamálastjóri hóf störf hjá embættinu árið 1906 en Geir G. Zoëga verkfræðingur og í áratugi vegamálastjóri árið 1911. Embætti landsverkfræðings var lagt niður árið 1917 og í staðinn stofnuð embætti vita- og hafnamálastjóra og vegamálastjóra, árinu áður en Ísland öðlaðist fullveldi þann 1. desember 1918.

Áðurnefndir verkfræðingar lærðu allir í Danmörku, unnu þar um tíma til þess að afla sér reynslu og komu síðan heim til Íslands til starfa.

Fyrstu Íslendingarnir til þess að ljúka prófi í verkfræði í Þýskalandi voru Gústaf Pálsson 1934 og Einar B. Pálsson og Árni Snævarr árið 1935. Allir lærðu þeir í Dresden. Gústaf og Árni byrjuðu starsferil sinn hjá Vegagerðinni en stofnuðu síðan Almenna Byggingafélagið. Gústaf varð síðar borgarverkfræðingur, en Árni lauk starfsævi sinni sem ráðuneyttisstjóri í iðnaðarráðuneytinu. Einar byrjaði sinn feril hjá bæjarverkfræðingi Reykjavíkur.

Vitað er með vissu, að á vegum vegamálastjóra voru stundaðar vatnamælingar. Einnig var vegamálastjóri með á sinni könnu Haglabor ríkisins sem ríkissjóður keypti vorið 1929. Haglaborinn var lengur í porti vegamálastjóra heldur en á borstað á árunum 1929 til 1941 en hafði svo verkefni í heitavatnsleit frá hausti 1941.

Í heimsstyrjöldinni fyrri á árunum 1914–1918 var Ísland eins og á öldum áður á áhrifasvæði Breska heimsveldisins. Breski flotinn hafði eftirlit með öllum siglingum til og frá landinu. Skortur var á mörgum nauðsynjavörum en mestur á kolum til húshitunar. Það leiddi til þess að kol hafa aldrei orðið hér dýrari en árið 1918 miðað við verkamannakaup.

Aðrar stofnanir sem Orkustofnun á rætur að rekja til eru fyrst og fremst Rafmagnseftirlit ríkisins og Rannsóknaráð ríkisins.

Rafmagnseftirlit ríkisins var stofnað árið 1933. Fyrsti forstöðumaður þess var Jakob Gíslason rafmagnsverkfræðingur. Jakob byrjaði að vinna fyrir ríkisstjórnina þegar sumarið 1929 við gerð áætlana um raforkuver og frá 1930 hafði hann einnig eftirlit með virkjunum um allt land. Náinn samstarfsmaður Jakobs var Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri Reykjavíkur, en hann var mikill frumkvöðull í öllum orkumálum og réð yfir fyrstu stjórvirkjuninni hér á landi – nefnilega rafstöðinni í Elliðaánum.

Teiknistofa var snemma hjá Rafmagnseftirlitinu. Frú Petrína Jakobsson var þar í forsvari.

Stofnun Rannsóknarráðs ríkisins árið 1939 var örugglega einn liður í undirbúningi þess að Íslendingar næðu að ráða öllum sínum málum sjálfir þegar slitið yrði konungssambandi við Dani og stofnað hér lýðveldi.

Líklega hefur það einnig flýtt fyrir stofnun þess að ráðamenn landsins sáu blikurnar sem boðuðu seinni heimsstyrjöldina. Jónas Jónsson frá Hriflu var ekki lengur ráðherra þegar hér var komið en áhrifamaður engu að síður. Tengdasonur hans Steinþór Sigurðsson varð fyrsti framkvæmdastjóri Rannsóknaráðsins. Steinþór var margfaldur magister frá Kaupmannahöfn. Hann hafði á námsárunum unnið mörg sumur við landmælingar í Danmörku.

Hlutverk Rannsóknaráðsins var frá byrjun margþætt. Hér nefni ég aðeins skyldu þess að tryggja landsmönnum nægilega fitu til manneldis ef siglingar til landsins legðust af. Í fyrri heimsstyrjöldinni munaði ekki miklu að skortur yrði á þeim orkugjafa á Íslandi. Einnig stóð Rannsóknaráð fyrir því að mæla brennslugildi mós og surtarbrands.

Jarðhitaleit og sértæk þekking um jarðhita var strax á borði Steinþórs Sigurðssonar. Rannsóknarráð eignast sumarið 1939 Litla borinn sem var lítill bandarískur kjarnabor af gerðinni Sullivan Bravo. Á stríðsárunum tókst Rannsóknarráði að kaupa til viðbótar frá Bandaríkjunum Sullivan 1 og 2. Næg verkefni voru fyrir þessa þrjá jarðbora öll stríðsárin. Þeir landskunnu yfirborstjórar Rögnvaldur Finnbogason og Guðmundur Sigurðsson byrjuðu báðir sinn feril á Litla bornum. Rögnvaldur sumarið 1939 en Guðmundur haustið 1945.

Hin margrómaða Nýsköpunarstjórn sem var við völd frá hausti 1944 og fram í febrúar 1947, breytti mörgu í íslensku atvinnulífi t.d. var byggð síldarverksmiðja á Siglufirði sem brenndi olú í stað kola. Áki Jakobsson, atvinnumálaráðherra, fól Rafmagnseftirliti ríkisins, 18. apríl 1945, umsjón allra jarðbora, sem ríkissjóður átti. Þau rúm 40 ár sem Jarðboranir ríkisins störfuðu, var upphafsdagur þeirra alltaf miðaður við þann dag.

Miklar breytingar urðu árið 1946, þegar Nýsköpunarstjórnin stóð að stofnun embættis raforkumálastjóra – Raforkumálaskrifstofunnar, – sem tók til starfa í ársbyrjun 1947. Jakob Gíslason var fyrsti og sá eini, sem gegndi þeirri stöðu. Hugmyndin með embætti raforkumálastjóra var örugglega að safna allri sérþekkingu saman á einn stað, sem myndi svo nýtast stjórnvöldum til þess að taka aðeins réttar ákvarðanir við uppbygginguna, sem framundan var í landinu.

Undir raforkumálastjóra voru Rafmagnseftirlit ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins og einnig Héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Héraðsrafmagnsveiturnar voru líklega betur þekktar innanhúss en utan.

Stefán Bjarnason, verkfræðingur, tók við rafmagnseftirlitsstjórastarfinu af Jakobi Gíslasyni. Ég man ekki eftir Stefáni, en hins vegar vel eftir arftökum hans, Guðmundi Marteinssyni, Jóni Á. Bjarnasyni og Bergi Jónssyni.

Eiríkur Briem, verkfræðingur, tók við nýrri stöðu – rafmagnsveitustjóri Rafmagnsveitna ríkisins.

Jarðboranir ríkisins fóru með Rafmagnseftirlitinu undir hatt raforkumálastjóra og sömuleiðis Vatnamælingar, sem áður höfðu verið hjá vegamálastjóra. Gunnar Böðvarsson, jarðeðlisfræðingur, og Þorsteinn Thorsteinsson, verkfræðingur, komu til starfa hjá Jarðborunum ríkisins þegar sumarið 1945. Þá kom Svavar Hermannsson efnaverkfræðingur einnig þangað. Þegar hann færðist yfir til Hitaveitu Reykjavíkur árið 1949, var Baldur Línadal, efnifræðingur, ráðinn. Ísleifur Jónsson, verkfræðingur, kom sumarið 1956, Sveinn Einarsson,

verkfræðingur og Jón Jónsson, jarðfræðingur, voru komnir í hópinn vorið og sumarið 1958 en Stefán Sigurmundsson, mælingamaður, sumarið 1960. Eftir 1960 komu til starfa hjá Raforkumálastjóra m.a. Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur, og jarðfræðingarnir Jens Tómasson og Kristján Sæmundsson. Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur, og jarðeðlisfræðingarnir Axel Björnsson og Valgarður Stefánsson byrjuðu sína vinnu á Jarðhitadeild sem sumarmenn um og eftir 1960. Stefán Arnórsson, jarðefnafræðingur, Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur, og Hrefna Kristmannsdóttir, jarðefnafræðingur, voru í fyrstu sumarmenn um og eftir miðjan sjöunda áratuginn en komu svo að loknu námi í fullt starf. Sigurður Harðarson, mælingamaður, hóf störf fyrir 1970. Ekki eru allir upptaldir eða áhrif verkfalls Verkfræðingafélagsins árið 1961 rakin, hvorki á Jarðhitadeildina né Raforkumálaskrifstofuna, og verkfræðingaverkfallið stendur enn.

Gunnar var yfirverkfræðingur og forstöðumaður Jarðborana ríkisins og Jarðhitadeildar til ársins 1964. Skilin á milli Jarðborana og Jarðhitadeildar voru fyrstu árin óljós. Þá truflaði ekki að hafa á sömu hendi sérfræðiráðgjöf í jarðfræði, jarðeðlisfræði og efnafræði og stjórnun jarðborana eftir köldu og heitu vatni og jafnvel gufu, þótt allt væri það unnið án nokkurs öryggisbúnaðar.

Í mínum huga eru þeir Gunnar, Þorsteinn, Svavar og Baldur fyrsta sérfræðingateymið á Jarðhitadeildinni en Ísleifur og Jón í því næsta. Sérgrein Ísleifs er kælitækni en næstum alla ævi hefur hann unnið við að ná í heitt vatn og gufu, ekki eingöngu hér á landi heldur víða í fjarlægum löndum.

Fyrsti yfirverkstjóri Jarðborana ríkisins var Agnar Guðmundsson skipstjóri sem hafði áður verið á hvalveiðum – enda alltaf nefndur Agnar hvalur af bormönnum.

Sigurjón Rist, þjóðkunnur dugnaðarforkur, var forstöðumaður Vatnamælinga frá 1947 og í áratugi. Eberg Elefsen og Davíð Guðnason voru líka lengi vatnamælingamenn svo einhverjir séu nefndir. Fyrsta konan, sem ég man eftir í liði Vatnamælinga, var Guðmunda Andrésdóttir, listmálari. Eberg var orðhagur maður með afbrigðum, og enn eru notuð hér í húsinu hugtök, sem hann skilgreindi á sinn sérstaka hátt með einu stuttu orði. Ég ætla aðeins að nefna hér orðið baksendur.

Árni Snorrason, vatnaverkfræðingur, er forstöðumaður Vatnamælinga frá 1987.

Landmælingar hófust skömmu fyrir 1950. Ég nefni hér þá Steingrím Pálsson, Gunnar Þorbergsson, Pál Hafstað og Gunnar Jónsson. Gunnar Þorbergsson var í landmælingum til starfsloka en hinir fóru eftir nokkur ár úr landmælingunum yfir í stjórnun og launamál á kontórnum, fyrst á Raforkumálaskrifstofunni og svo á Orkustofnun. Steingrímur fór alla leið í fjármálaráðuneytið.

Orkudeild Rarik var og komin til sögunnar þegar boraðar voru fyrstu kjarnaholurnar í Sigöldu sumarið 1956. Ég veit ekki betur en að Þorleifur Einarsson hafi verið fyrsti jarðfræðingurinn á vegum Orkudeildar Rarik, en Haukur Tómasson tók við af honum um og fyrir 1960. Elsa Vilmundardóttir, jarðfræðingur, kom til starfa þegar rannsóknir vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell byrjuðu upp úr 1960. Fleiri jarðfræðingarnir komu, Guttormur Sigbjarnarson byrjaði í september 1965 og Birgir Jónsson og Oddur Sigurðsson voru í vinnu sumarið 1966.

Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem var stofnuð árið 1957, var einnig undir hatti raforkumálastjóra. Þorbjörn Karlsson, verkfræðingur, var þar fyrst í forsvari. Hann valdi

og gekk frá kaupunum í Bandaríkjunum á Gufubornum, sem byrjaði að bora á horni Laugavegar og Nóatúns 12. maí 1958.

Raforkumálastjórnaskrifstofan náði að starfa í þessu formi í 20 ár. Breytingar voru lengi í undirbúningi. Ráðamenn vildu efla þjóðarbúskapinn, t.d. með því að virkja stórfljótin og finna traustan kaupanda, sem keypti stöðugt mikið rafmagn. Oft er vitnað í þessu sambandi í grein í *Fjármálatíðindum* sem Jóhannes Nordal skrifaði árið 1957. Greinin heitir: *Afl þeirra hluta sem gera skal*.

Til þess að fá svigrúm til framkvæmda og nýjunga varð úr að stofna Landsvirkjun, sem tók til starfa 1. júlí 1965. Eigendur voru í fyrstu ríkissjóður og Reykjavíkurborg. Nokkrir starfsmenn Raforkumálaskrifstofunnar fóru yfir til Landsvirkjunar. Meðal þeirra voru t.d. Eiríkur Briem, rafmagnsveitustjóri, sem varð forstjóri. Árið 1966 tók Valgarð Thoroddsen verkfræðingur við rafmagnsveitustjórarstarfi Eiríks.

Raforkumálaskrifstofan leið undir lok sumarið 1967. Rafmagnsveitur ríkisins urðu að sjálfstæðri stofnun. Ný stofnun, Orkustofnun, tók við rannsóknarhlutverki Raforkumálaskrifstofunnar. Breytingarnar tóku gildi 1. júlí 1967. Merki Orkustofnunar er frá þeim tíma – einfalt og stílhreint. Hlutfallið á milli lengri hliðar og styttri hliðar er kvaðratrótin af 2. Eftir því sem ég best veit eru Glúmur Björnsson, hagfræðingur, og Steingrímur Pálsson aðalhöfundar þess.

Kjarninn í Orkustofnun voru Jarðhitadeild (JHD), Raforkudeild (ROD) og Skrifstofa- og hagdeild (SHD). Jakob Gíslason var fyrsti orkumálastjórinn. Forstöðumaður Jarðhitadeildar var Guðmundur Pálmason, jarðeðlisfræðingur, en þeirri stöðu tók hann við, þegar Gunnar Böðvarsson fór til Bandaríkjanna árið 1964. Jakob Björnsson, verkfræðingur, varð nú forstöðumaður Raforkudeildar. Jakob var öllum hnútum kunnugur á gömlu Raforkumálaskrifstofunni en hann kom fyrst til starfa árið 1954.

Glúmur Björnsson var forstöðumaður og/eða skrifstofustjóri Skrifstofu- og hagdeildar. Löngum hafa bókhaldarar í öðrum ríkisstofnunum horft öfundaraugum á bókhaldið hjá Orkustofnun. Glúmur var mikill lærimeistari. Í dag erum við enn fimm eftir í húsinu, sem vorum í læri hjá Glúmi. Einn lærisveinn hjá Glúmi um og fyrir 1970 er núna sægreifi og flýgur í eigin þyrlu á milli vinnustaða.

Ágætt bókasafn hefur lengi verið á Orkustofnun. Guðrún Gísladóttir, bókasafnsfræðingur, var þar fyrst í forsvari og eini starfsmaðurinn. Síðar komu þar til starfa í tíð Jakobs Björnssonar; Erla Sigþórsdóttir, bókasafnsfræðingur, Sieglinde Sigurbjarnarson, verkfræðingur, og Ingibjörg Gísladóttir, bókavörður.

Petrína Jakobsson og teiknistofa Rafmagnseftirlitsins fylgdu Raforkumálaskrifstofunni og fóru þaðan yfir á Orkustofnun. Margar ágætari konur unnu á teiknistofunni, þegar mest var umleikis. Hins vegar man ég aðeins eftir tveimur karlmönnum þar; þeim Einar Þorlákssyni, listmálara, og Andrési Kolbeinssyni, tónlistarmanni og þúsundþjalasmið. Þegar Petrína lét af störfum, tók Helga Sveinbjörnsdóttir við stöðu hennar. Teikniforritin og tölvurnar leystu svo teiknistofuna endanlega af hólmi.

Haustið 1970 byrjaði ég að vinna á Orkustofnun. Þá var tölvuöld ekki enn gengin í garð. Aðeins ein rafdrifin reiknivél var til á stofnuninni, sem hægt var að deila með. Vélin var á borði Gunnars Þorbergssonar á landmælingum. Svárið, sem reiknivélin gaf, var óbeint vegna þess að til þess að fá rétta tölu, varð að fletta því upp í töflu, sem fylgdi vélinni.

Vatnamælingar og landmælingar voru undirdeildir á Raforkudeild. Áðurnefndur kjarni í Orkustofnun var á fjárlögum og þess vegna oft nefndur A-hluti. Hins vegar var Orkustofnun falið að sjá um rekstur stofnana og/eða deilda sem tilheyrðu B-hluta fjárlaga. B-hluta stofnanir áttu að hafa sértekjur, sem dygðu fyrir útgjöldum. Þetta voru Rafmagnseftirlit ríkisins (RER) og Jarðboranir ríkisins (JBR). Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR) fylgdi með Jarðborunum. Síðar bættust Jarðvarmaveitur ríkisins (JVR) við í B-hluta. Hlutverk Jarðvarmaveitna var í fyrstunni að sjá Kísiliðjunni fyrir gufu frá Námafjalli og sömuleiðis Gufustöðinni í Bjarnarflagi. Seinna tóku þær að sér heitavatnsöflun á Reykhólum fyrir Þörungaverksmiðjuna og heildsölu á heitu vatni frá tveimur borholum, sem ríkissjóður á í landi Reykja og Reykjakots í Ölfusi. Kaupandinn var Hitaveita Hveragerðis. Karl Ragnars, vélaverkfræðingur, var lengi forstöðumaður þeirra. Áhaldahús Jarðvarmaveitna í Námafjalli gekk undir nafninu Glerhöllin.

Jakob Gíslason var orkumálastjóri til ársloka 1972. Ljúfmennska hans og hógværd er mörgum hér í húsinu minnisstæð. Stjórnunarmál voru honum og hagleikin, og hann var hvatamaður að stofnun Stjórnunarfélags Íslands. Jakob Gíslason hafði þá reglu í heiðri að þekkja alla sína starfsmenn með nafni og tala við þá um þau verkefni, sem þeir voru að vinna við hverju sinni.

Jakob Björnsson tók við stöðu orkumálastjóra í ársbyrjun 1973. Mörg ný og krefjandi verkefni komu það ár til orkumálastjóra og Orkustofnunar. Haustið 1973, í kjölfar Yom Kippur-stríðsins fyrir botni Miðjarðarhafsins, hækkaði mikið heimsmarkaðsverð á olíu og hafði ómæld áhrif á þjóðarbúskap Íslendinga. Húshitun með olíu var enn mikil árið 1973, og alls fóru þá 160 þús. tonn af olíuinnkaupunum í þá hitun. Olíuhækkunin hafði þau áhrif að opinbert forgangsverkefni var, að allir stærri þéttbýlisstaðir nytu jarðhita til húshitunar, þar sem því yrði viðkomandi. Verkefni Jarðhitadeildar og Jarðborana ríkisins urðu fleiri og meiri en dæmi voru um áður. Mjög fjölgaði jarðfræðingum, jarðeðlisfræðingum og efnafræðingum í starfslíði Jarðhitadeildar á þessum árum. Borholumælingar fengu betri tæki en áður höfðu þekkt hér á landi. Undirbúningur að Byggðalínunni og hringtengingu alls landsins komst einnig á fullan skrið og sömuleiðis bygging Sigölduvirkjunar.

Haukur Tómasson tók við Raforkudeildinni eftir Jakob Björnsson og var lengi forstöðumaður þar og síðan á Vatnsorkudeild eftir nafnaskiptin á áttunda áratugnum.

Ég man eftir enn einni undirdeild á Orkustofnun, en það var Jarðkönnunardeildin. Það merkilega er, að í kringum 1971 var hún undirdeild á Jarðhitadeild en var nokkrum árum síðar komin undir Vatnsorkudeild. Ef ég man rétt, var Stefán Arnórsson, fyrir henni þegar hún taldist til Jarðhitadeildar, en Guttormur Sigbjarnarson á tímum Vatnsorkudeildar.

Ekki má heldur gleyma Straumfræðistöðinni á Keldnaholti, sem var í gangi frá 1973 og í nokkur ár þar á eftir. Líklega var hún leifar frá undirbúningi Búrfellsvirkjunar og undirdeild á Vatnsorkudeild. Jónas Elíasson, prófessor í verkfræði, var þar í forsvari. Ég man vel eftir einu verkefni sem Jónas hélt mikið upp á en það hét Palmas del Mar en Jónas kallaði Palmas del Martröð. Straumfræðistöð var þá og er enn til hjá Vita- og hafnamálum.

Orkustofnun var lengi til húsa á Laugavegi 116 og Laugavegi 105. Hún leigði alla fjórðu hæðina og hluta af annarri hæðinni á nr. 116. Rafmagnsveitur ríkisins leigðu á þriðju hæðinni. Mat- og kaffistofa og símaþjónusta var sameiginleg. Sambýlið var gott. Ég á aðeins

góðar minningar um þær Önnu Oddsdóttur, Halldóru Jóelsdóttur og Sigríði Böðvarsdóttur, sem unnu í áratugi á kaffistofunni.

Lengi hafði Orkustofnun hjáleigu á sínum snærum á Keldnaholti og í nokkur ár tómthús á Suðurlandsbraut 12 sem var á þessum tíma, 1974 eða 1975, ekki nærri fullbyggt. Vatnamælingar voru t.d. á Suðurlandsbrautinni, og auðvitað nefndi Eberg húsið Hrakhóla. Einnig man ég vel eftir því, þegar Sigurjón Rist tilkynnti Jakobi Björnssyni, orkumálastjóra, með gulum orðsendingarmiða á hverjum morgni í nokkrar vikur hitastigið innanhús í samanburði við útihitastigið. Um síðir kom í ljós, að skynjari á suðurhlið stýrði hita norðanmegin. Eins og flestir gamlir starfsmenn muna vel, stóð á gulu orðsendingarmiðunum neðst fyrir miðju – Varist munnleg fyrirmæli.

Í kringum 1970 var áramótakokteillinn haldinn rétt fyrir gamlaársdag og jafnvel á sjálfan gamlaársdag. Hann tókst oft svo vel, að menn misstu af áramótunum í orðsins fyllstu merkinu. Það með öðru varð til þess, að síðasta aldarfjórðunginn hefur áramótakokteillinn verið jólakokteill og farið fram um og eftir miðjan desember.

Starfsmannafélagið var aðeins eitt. Virðuleg árshátíð var á hverju ári. Hins vegar var aðalfundur starfsmannafélagsins og þorablótið – Hangikjетиð – ein og sama skemmtunin, sem fáir þátttakendur gleyma. Bormenn Jarðborana ríkisins og línnumenn Rarik settu alltaf sterkan svip á Hangikjетиð.

Allan tímann, sem Orkustofnun var á Laugavegi 116, bjó hún við þá mótsögn að vera leiðandi í góðum orkumálum fyrir þjóðina, en var sjálf í húsi á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur, sem var hitað upp virka daga með afgangsolfu frá smurstöð Egils Vilhjálmssonar.

Haustið 1979 hætti Orkustofnun að leigja af Agli Vilhjálmsyni hf. og flutti á Grensásveg 9 í húsnaði ríkissjóðs. Fyrsti vinnudagurinn á Grensásveginum var mánudagurinn 17. september 1979. Ég man vel sjálfur, hvað viðbrigðin voru mikil að komast í ný og hrein húsakynni. Valtýr Guðmundsson var fyrsti húsvörðurinn. Þorsteinn Jóhannsson, trésmiður, áður á Straumfræðistöðinni á Keldnaholti, tók við af Valtý árið 1987.

Loks kom tölva á Orkustofnun. Sú fyrsta var lítil og af gerðinni PDP-11. Stýrikerfi hennar leyfði aðeins einn notanda í einu, og við það urðu menn að búa veturinn 1977 til 1978.

Stór PDP-11 vél með fjölnota stýrikerfi komst í gagnið haustið 1979 eða snemma árs 1980. Útvaldir starfsmenn fengu í framhaldinu aðeins skjá á sitt borð og þótti gott. Fyrsti kerfisstjóriinn var Ásmundur Jakobsson, eðlisfræðingur. Næst man ég eftir Vax-vélunum, sem keyrðu á sérsniðnu stýrikerfi, en nýjar og betri HP-vélar, sem byggðu á hinu alhliða Unix-kerfi, leystu þær af hólmi haustið 1987 eða vorið 1988. Þær hafa enn í dag stórt hlutverk, þrátt fyrir flota af Linux- og Windows-þjónum og PC-tölvum.

Oracle-gagnagrunnurinn komst í gagnið sumarið 1989. Í umræðunni um hvaða gagnagrunn ætti að kaupa fyrir Orkustofnun, var um tíma talað um einn slíkan frá Informix. Ef ég man rétt, þá voru það jarðeðlisfræðingar Tómas Jóhannesson og Einar Kjartansson, sem lögðu mikla áherslu á það að stofnunin tæki HP-vélar, Unix-stýrikerfi og Oracle í þjónustu sína.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameindu þjóðanna tók til starfa vorið 1979. Ingvar Birgir Friðleifsson er skólastjóri. Enginn vafi er á því að Jarðhitaskólinn er einn besti og skemmtilegasti skóli landsins.

Á löngum ferli Orkustofnunar hefur ekki verið komist hjá utanaðkomandi hremmingum. Ég man sérstaklega vel eftir því að iðnaðarráðuneytið skipaði a.m.k. fjórum sinnum nefnd til þess að skoða starfsemi og starfsmenn Jarðborana ríkisins. Einnig var stjórnsýsluendurskoðun keyrð yfir sjálfa Orkustofnun vorið og sumarið 1980. Sprenglærður endurskoðandi úr musteri samvinnumanna á Bifröst og Kaupmannahöfn skrifaði loks skýrslu þar um, og að sjálfsögðu var hún í fyrstunni trúnaðarmál. Ég man það síðast um stjórnsýsluendurskoðunina, að rifist var um það, hver hefði lekið skýrslunni út!

Hins vegar voru það alvöru hremmingar, sem glímt var við haustið 1987, þegar tugum starfsmanna var sagt um störfum vegna samdráttar í verkefnum, sem stafaði af lægð og stöðnun í efnahags- og virkjunarmálum landsmanna.

Jakob Björnsson, orkumálastjóri, lét af stöfum fyrir aldurs sakir haustið 1996, og Þorkell Helgason, stærðfræðingur, tók við.

Árið 1997 var svarað viðhorfum samtímans með því að sameina Jarðhitadeildina og Vatnsorkudeildina í Rannsóknasvið Orkustofnunar. Ólafur G. Flóvenz, jarðeðlisfræðingur, tók við forystu Rannsóknasviðsins.

Með vissu hefur það glatt marga gamla og nýja starfsmenn Orkustofnunar að hún fékk viðurkenningu fjármálaráðherra fyrir að vera fyrirmyndarstofnun árið 2002.

1. júlí 2003 tóku Íslenskar orkurannsóknir til starfa og Rannsóknasviðið fór af leiksviðinu.

Enginn vafi er á því, að á mörgum umliðnum árum, hafa fyrst Raforkumálaskrifstofan og síðan Orkustofnun verið miðdepill þekkingar í virkjunarmálum stórfljóta og jarðhita og gufu til hagsbóta fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

Allt er breytingum undirorpið. Ný lög voru sett um Orkustofnun árið 2003 og frekari breytingar eru í vændum. Vatnamælingar fara annað og Jarðhitaskólinn lifir mjög sjálfstæðu lífi. Hlutverk þeirrar Orkustofnunar, sem eftir situr, er að veita stjórnvöldum ráðgjöf og annast stjórnsýslu orkumála.